

Félagsfundur

mánudaginn 16. febrúar n.k.
kl. 20:00 í Slysóhúsinu Nesgötu 4.
Dagskrá:

- Sumarhúsið í Munaðarnesi
- Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn

Kaffi og meðlæti

Stjórnin

Mynd af húsinu í Munaðarnesi



FRÉTTABRÉF

STARFSMANNAFÉLAGS

FJARDABYGGÐAR



Febrúar 2009

Ágætu félagar

Á næstu vikum mun ráðast hvernig framvinda kjarasamninga ræðst. Samkomulag Fjarmálaráðherra f.h. ríkisins og nokkurra aðildarfélaga BSRB og m.a. Samflotsins sem gert var 31. maí s.l. rennur út 31. mars n.k. Hafin er vinna við gerð sameiginlegrar viðræðuáætlunar við fjarmálaráðherra og þeirra félaga innan BSRB er komu að samkomulaginu frá 31.maí þar sem gildandi kjarasamningur var framlengdur til 31.mars 2009. Þá er gert ráð fyrir að þessi vinna muni líka nýtast vegna samkomulags um framlengingu kjarasamnings launanevndar sveitarfélaga og félags bæjarstarfsmanna frá 1. des s.l. þar sem launaliður þess samnings rennur einnig út 31. mars n.k.

Á seinasta aðalfundi STAF voru kynntar hugmyndir orlofssjóðs BSRB um að breyta honum í eignasjóð þannig að öll aðildarfélög BSRB taki til sín hús sem eru í Munaðarnesi og greiði fyrir þau ákveðið verð til BSRB. Húsin verða síðan í umsjón hvers félags sem rekur þau og hefur alfarið með þau að gera. Gerður hefur verið Félagssamningur um rekstur svæðisins sem mun sjá um m.a fasteignagjöld, rotþrær, heitu pottana o.f.l. Þar sem vel var tekið undir þessa kynningu á aðalfundinum og í viðtölum við félaga ákvað stjórn STAF að taka þátt í þessari endurskipulagningu Munaðarness og hefur verið úthlutað 60m² orlofshúsi með öllu tilheyrandi og er gjaldið fyrir

húsið sem félagið þarf að greiða um 1,2milljón króna. Félagin sem eiga húsin á svæðinu munu greiða rekstrargjald sem rennur til sameiginlegs reksturs svæðisins. Ég tel þetta vera góða viðbót fyrir okkar félaga til að njóta orlofs fjarri heimahögum, en fyrir eigum við íbúðina Lækjarsmára 4 og bústaðinn við Kjarnaskóg.

Formaður

Leiga orlofshúsa yfir páska og sumardaginn fyrsta

Umsóknareyðublöð v/ páskaleigu og sumardagsins fyrsta fylgja með fréttabréfinu og er síðasti skiladagur 2. mars n.k.

Svar við umsókn ásamt greiðsluseðli munu síðan berast til umsækjanda fyrir 6. mars n.k.

Leiga orlofshúsa okkar fer fram á skrifstofutíma í síma 893 9105 hjá Sigríði eða Berglinni

Nokkur atriði vegna sumarhúsanna okkar:

- *Hélgarleiga er 2 nætur*
- *Þvottagjald verður innheimt frá 1.mars n.k. í Lækjarsmáranum kr. 500 fyrir hvern einstakling*

- *Ekki er ætlast til að félagar áframleigi orlofshúsin til annara*
- *Nokkuð hefur verið kvartað um að ekki sé nógu vel ræst við brottför. Minnum á að óþrifagjald er 5000- kr.*
- *Hægt er að kaupa þrif; kr. 3000 í Lækjarsmára*
- *Gögn v/sumarúthlutnar verða send út í byrjun marsmánaðar*

Munið eftir:

- **Íþróttastyknum hjá STAF kr. 10.000 á ári**
- **Starfsmenntunarsjóði STAF**
- **Styrktarsjóði BSRB**

Heimasíða STAF www.123.is/staf
